



Skýringar.

Gröftur.

Grafa skal fyrir leikskólanum eins og meðfylgjandi uppdráttur sýnir. Miðað er við að grafið verði 2,5 m. út fyrir húsið á alla vegu. Hreinsa skal allan moldarblandaðan jarðveg úr grunnstæðinu, allt niður á fastan botn sem talinn er vera í kóta 4.50.

Magntölur eru útreiknaðar miðað við fyrirliggjandi gögn. Þær þarf að endurreikna að uppgreftri loknum.

Uppgröftur	ca.	m ³
Þjöppuð malarfylling		m ³

Fylling.

Fyllingarefnið skal vera frostöruggt og vel þjappað. Óheimilt er að nota efni í fyllingu, nema fyrir liggji vottorð frá Rb um frostöryggi þess. Ekki má meira en 3% (þyngdarmál) efnisins hafa minni kornastærð en 0,02 mm. og ekki meira en 20% efnisins minni kornastærð en 0,25 mm. Kornadreifitalan $C_u = d_{60}/d_{10}$ á að vera stærri en 5,0. Mesta steinastærð í fyllingu má ekki vera yfir 15 sm. Fylling skal lögð út í 30 sm. lögum og vætt hæfilega m.t.t. efnisins. Hvert lag skal þjappað með velþjöppu minnst 4 umferðir. Þjöppun teist því aðeins fullnægjandi, að niðurstöður plötuþröfs sýni fullnægjandi þjöppun samkvæmt álagskröfum burðarþolshönnuðar. Við fyllingar að sökkulveggjum skal þess gætt, að hæðarmunur fyllingar sitt hvoru megin við sökkul verði ekki meiri en 0,5 m. Nota skal samskonar efni utan með og inni í grunni.

Álagskrafa.

Mesta álag á grunn = 200 kN/m²

